

Fréttabréf

Grunnskóla Hornafjarðar



Fréttabréf 1. tbl. 12. árg. janúar 2018

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Hvers vegna er mikilvægt að
lesa daglega?

Lesfimi þarf að þjálf
Lestur eykur orðaforða
Orðaforði eykur lesskilning
Lesskilningur er lykill að öllu námi

Nemandi A les í
20 mínútur á dag

3600 mínútur
á einu skólaári

1.800.000 orð



Nemandi B les í
5 mínútur á dag

900 mínútur
á einu skólaári

282.000 orð



Nemandi C les í
1 mínútu á dag

180 mínútur
á einu skólaári

8.000 orð



Dagskrá á Hafnarhittíngi

Íþróttahús

17:10 – 18:00 – Zumba með Írisi, leikir hinu megin.

18:10 – 19:00 – Fjölskylduhóppjálfun með Kollu, leikir hinu megin.

19:10 – 20:00 – Blak. Allir leika sér í blaki.

Heppuskóli

Stofa 1. Breakout - Geturðu brotist út ef þú ert að lokast inni? Skemmtilegur leikur sem krefst samvinnu og hugmyndaríki.

Stofa 2. Forritun er leikur – prófaðu að forrita spheró kúlur.

Stofa 3. Jóga kl. 18:00 – Vinsamlegast takið dýnur, teppi og kodda með ykkur.

Stofa 4. Spilastofa – hægt að grípa í hverskonar spil, fín æfing fyrir þorablótsröðina.

Stofa 5. Tafl og bridge.

Stofa 6. Djammsession – komdu með hljóðfærið þitt og vertu með. Trommusett á staðnum.

Stofa 7. Barnahornið – þar geta litlu börnin leikið sér saman og gæsla verður á staðnum.

Stofa 8. Föndurstofan, nú er það endurvinnsla á allskonar efni og stelpurnar í Rún verða til aðstoðar.

Miðrými neðri hæð; Þvottaefnisgerð og kynningar

Miðrými efri hæð; Lúðrasveit og fleira

Bókasafnið í Heppuskóla, þrjónahornið, nýjar bækur liggja frammi, púsl og fleira.

Eldhúsið í Heppuskóla – matur á kostnaðarverði frá 18:30 – 19:30.

Borðsett fyrir framan stofuna og á opna svæðinu á efri hæð. Þeir sem vilja borða skrá sig í mat fyrir kl. 18:00 svo eldhúshópurinn hafi einhverjar hugmyndir um hve mikið skal elda. Á boðstólum verður hakk og spaghetti og **verðið er 500 kr. á mann.**




Dansvíka

Víkuna 29. janúar til 2. febrúar verður Jón Pétur danskennari með danskennslu hjá okkur og að venju verður endað á danssýningu.



Skólaláping

Stefnt er að svokölluðu skólalápingi með nemendum í febrúar. Markmiðið með því er að efla lýðræði í skólanum og vitund nemenda um að þeir geti haft áhrif. Það er mikilvægt að fá fram sjónarhorn nemenda í hinum ýmsu málaflokkum og hlusta á tillögur þeirra og þjálfa þá í leiðinni í lýðræðislegri samræðu. Stefnt er að því að skólalápingið verði með þjóðfundarsniði og að nemendur í 5. – 10. bekk taki þátt en elstu nemendurnir munu stjórna því.



Annaskil í febrúar

Við annaskil um miðjan febrúar verða foreldraviðtöl 16. febrúar og í kjölfar þeirra starfsdagur 19. febrúar. Að venju er ætlast til þess að nemendur fylli út frammistöðumat fyrir viðtölin. Það er afar mikilvægt að nemendur velti skólagöngunni fyrir sér fyrir viðtölin og foreldrar ættu að gera það með börnum sínum þannig að viðtölin nýtist nemendum, foreldrum og kennurum sem best.

Hafnarhittingur í janúar

Takið frá stund milli 17:00 og 20:00

Þriðjudaginn 16. janúar.

Þá verður aftur opið hús í Heppuskóla og íþróttahúsinu fyrir **ALLA** Skaftfellinga unga sem aldna. Börn yngri en 12 ára komi þó vinsamlegast í fylgd fullorðinna. Á Hafnarhittingi geta allir fundið eitthvað fyrir sig og endað svo á því að borða kvöldmat sem verður seldur á kostnaðarverði. Skoðið dagskrána inn í fréttabréfinu.

Við hlökkum til að sjá ykkur

**Við fengum jörðina ekki í arf frá forfeðrum okkar.
Við erum með hana að láni frá börnunum okkar.**

Matseðill í janúar

5. jan Súpa, brauð og álegg.

8. jan Soðinn fiskur með rúgbrauði.

9. jan Kjötbollur með brúnni sósu.

10. jan Steiktur fiskur með smjöri.

11. jan Kjúklingaleggir með steiktum kartöflum.

12. jan Hrísgrjónagrautur brauð og álegg.

15. jan. Ofnsteiktur fiskur og kartöflur.

16. jan. Gúllas með kartöflumús.

17. jan. Steiktur fiskur með raspi.

18. jan. Burrito í boði 6.R.

19. jan. Súpa, brauð og álegg.

22. jan. Soðinn fiskur með rúgbrauði.

23. jan. Lasagna með hvítlauksbrauði.

24. jan. Fiskibollur með laukfeiti.

25. jan. Kjúklinganúðlur í boði 7.G.

26. jan. Skyr.

29. jan. Smjörsteiktur fiskur með kartöflum.

30. jan. Lambasnitset í raspi.

31. jan. Ofnbakaður fiskur.



Sjáumst með endurskinsmerkjum í skammdeginu